



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 10. desember 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala, 10. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 15. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala, 10. mál á 143. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða má undirbúningi byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og hefja byggingu hans strax að því loknu. Lánsheimildir fyrir byggingarkostnaði verði fengnar og ríkisstjórnin veiti málinu atbeina með stjórnvaldsathöfnum og nauðsynlegum lagafrumvörpum til Alþingis.

LÍ fagnar tillögunni og bendir á að aðalfundir félagsins hafa margsinnis skorað á stjórnvöld að sameina starfsemi Landspítala á einn stað. Félagið hefur á hinn bóginn aldrei tekið formlega afstöðu til staðsetningar nýs sameinaðs Landspítala.

Aðalfundur LÍ 2012 ályktaði:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn á Akureyri 18. – 19. október 2012 ítrekar ályktun sína frá síðasta aðalfundi þess efnis að byggður verði nýr Landspítali. Nýr spítali sem uppfyllir nútíma kröfur um húsnæði, aðstöðu og aðgengi fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk mun auka möguleika á að veita bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.“

Aðalfundur LÍ 2011 ályktaði:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 20. – 21. október 2011 styður að byggður verði nýr sameinaður Landspítali á einum stað. Nýr spítali sem uppfyllir nútíma kröfur um húsnæði og aðstöðu fyrir sjúklinga og starfsfólk mun auka möguleika á að veita áfram bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hér á landi.

Aðalfundur LÍ 2009 samþykkti áskorun til íslenskra stjórnvalda sem stjórn LÍ hafði sent 31. október 2008. Í þeirri áskorun sagði m.a.:

„ ... Stjórn Læknafélagsins telur að brýnt sé að halda áfram þeirri uppbyggingu sem á sér stað í heilbrigðismálum. Hún áréttar að nú sé enn mikilvægara en áður að hefja byggingu nýs húsnæðis undir starfsemi Landspítalans. Bygging spítala félur í sér mörg störf í byggingargeiranum á tímum þar sem atvinnuleysi verður umtalsvert. Það myndi hafa jákvæð áhrif á þá fjölmörgu sem að byggingunni ynnu. Ennfremur væri það yfirlýsing um áherslur á uppbyggingu íslensks samfélags á erfiðleikatímum og hefði jákvöð og löngu tímabær áhrif á heilbrigðisþjónustuna sjálfa ... „

Aðalfundur LÍ 2007 ályktaði:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28. – 29. september 2007 hvetur yfirvöld heilbrigðis- og menntamála til að hraða byggingaráföngum Landspítala og

heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands svo bæta megi sem fyrst starfsemi spítalans og aðstöðu fyrir sjúklinga.“

Í greinargerð með tillögunni sagði m.a.:

„Verulega hefur háð þjónustu LSH að sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík skuli ekki enn vera lokið með sameiningu meginstarfsemi þess undir einu þaki. Faglegur ekki síður en rekstrarlegur vandi hlýst af því að sérgreinar lækninga eru ekki nátengdar á einum stað. Þá er húsakostur og tækjabúnaður víða úr sér genginn, aðstaða fyrir sjúklinga bágborin og vinnuástaða starfsfólks ófullnægjandi.

Því er afar þýðingarmikið fyrir landsmenn alla að eignast nýjan spítala sem fyrst svo unnt verði að ljúka sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík og færa alla meginstarfsemi Landspítala á einn stað. Í því felast umtalsverðir hagræðingarmöguleikar bæði í rekstri og þjónustu. Þrátt fyrir háan stofnkostnað sjúkrahúss er sá kostnaður aðeins talinn jafngilda því sem nemur rekstri þess í tvö ár. Nýtt húsnæði er því góð fjárfesting sem skilar sér fljótt í bættri þjónustu og hagkvæmari rekstri.

Þar sem nú þegar er brýn þörf fyrir umbætur í húsnæðismálum telja flutningsmenn mikilvægt að hraða framkvæmdum eins og auðið er og að tryggð verði heildræn fjármögnun til verkefnisins alls. Lögð er áhersla á að unnið verði að háskólahluta verkefnisins samhliða byggingu spítalans, enda er það ein af forsendum þess að háskólasjúkrahúsið geti staðið undir nafni. ...“

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni tillögunnar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,



Þorbjörn Jónsson,
formaður.